



Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna - Jafnréttisráð

Samantekt af fjórða fundi

3. desember 2025

Útgefandi:

Dómsmálaráðuneytið

Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisáð: Samantekt af fjórða fundi 3. desember 2025

Janúar 2025

dmr@dmr.is

stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Dómsmálaráðuneytið

©2025 Dómsmálaráðuneytið

ISBN 978-9935-496-09-6

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Dagskrá	4
1. Þátttakendur	5
2. Setning fundar og kynning.....	7
3. Orðaský	8
4. Fyrri hluti umræðna: stafrænt kynferðislegt og kynbundið ofbeldi meðal barna og ungmenna.....	9
5. Seinni hluti umræðna: kynferðislegt og kynbundið ofbeldi meðal barna og ungmenna í víðu samhengi	11

Inngangur

Þann 3. desember 2025 var fundur í samráðsvettvangi um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráði. Fundurinn var haldinn í Hannesarholti og var þema fundarins forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi meðal barna og ungmenna, með sérstaka áherslu á stafrænt kynferðisofbeldi og forvarnir og viðbrögð gegn því. Fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti eiga rétt til setu á samráðsvettvanginum sbr. 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þá eiga fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra einnig rétt til þátttöku. Auglýst var eftir aðilum sem eiga rétt til setu á fundinum sbr. 1. málsl. 3. mgr. sömu greinar.

Hlutverk samráðsvettvangsins er að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum sem tengjast jafnrétti kynjanna. Lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna önnur en þau sem tilgreind eru hér að ofan geta óskað eftir þátttöku en gerð er sú krafa að um sé að ræða lögaðila með stjórn og skráða kennitölu.

Að loknum erindum var unnið í hópum að því að ræða álitæfni sem tengdust efninu. Þátttakendur á fundinum voru 40 talsins og var þeim skipt á sex borð þar sem tekist var á við ákveðnar fyrirfram gefnar spurningar og álitæfni.

Fundinum var skipt í tvo hluta, sá fyrri sneri að stafrænu kynferðisofbeldi og áreitni og sá seinni að kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi almennt.

Dagskrá

09:00 - 09:05 Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu jafnréttismála í dómsmálaráðuneytinu, fundarstjóri setur fundinn og kynnir dagskrá.

09:05 - 09:15 Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Hjalti Ómar Ágústsson, sérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, fara yfir markmið vinnunnar og kynna mælaborð forvarnaáætlunar gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna.

09:15 - 09:30 Orðaský. Þátttakendur taka tíma til að undirbúa samtal með því að leggja til orð og hugtök í orðaský.

09:30 - 10:30 Unnið í hópum að hugmyndum og tillögum að forvörnum og viðbrögðum við stafrænu kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna.

10:30 - 10:45 Kaffihlé

10:45 - 11:45 Unnið í hópum að hugmyndum og tillögum að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna.

11:50 - 12:00 Samantekt

1. Þátttakendur

Boðað var til fundarins samkvæmt 24. grein laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar segir að „minnst einu sinni á ári [skuli] kalla saman samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, Jafnréttisráð, með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti samkvæmt lögum þessum.“ Í reglugerð um Jafnréttisráð – samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, nr. 460/2021, segir jafnframt að fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra eigi rétt til þátttöku og auk þess geta lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna óskað eftir þátttöku samkvæmt auglýsingu þar um. Dómsmálaráðuneytið birti auglýsingu um þátttöku í samráðsvettvanginum 28. nóvember 2025.

Eftirfarandi aðilar tóku þátt í fundinum:

Anna Lára Steindal	Landsamtökin Þroskahjálp
Arnar Gíslason	Háskóli Íslands
Auður Önnu Magnúsdóttir	Kvenréttindafélag Íslands
Ása Sjöfn Lórens dóttir	Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu
Bryndís Guðrún Knútsdóttir	Atvinnuvegaráðuneyti
Drífa Snædal	Stígamót
Einar Þór Gunnlaugsson	Foreldrajafnrétti
Elísabet Lorange	Sigurhæðir
Eygló Árnadóttir	Íslandsdeild Amnesty International
Eygló Harðardóttir	Ríkislögreglustjóri
Gísli Ólafsson	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Hafðís Una Guðnýjardóttir	Umboðsmaður barna
Huginn Þór Grétarsson	Samtök um karlaathvarf
Inga Dóra Jónsdóttir	Suðurhlíð
Ingibjörg Ólafsdóttir	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Ísól Björk Karlsdóttir	Samtök um kvennaathvarf
Ívar Karl Bjarnason	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti
Jasmina Vajzovic Crnac	Félag kvenna í atvinnulífinu
Jenný Ingudóttir	Embætti landlæknis
Jenný Jóakimsdóttir	Kvenfélagasamband Íslands
Jenný K. Valberg	Bjarkarhlíð
Kolbrún Halldórsdóttir	BHM
Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir	Barnaheill – Save the Children
Kolbrún Karlsdóttir	Barna- og fjölskyldustofa
Kristinn Sigurjónsson	Foreldrajafnrétti
Kristín Blöndal Ragnarsdóttir	Hafnarfjarðarbær
Kristín Ólöf Grétarsdóttir	Samtök um karlaathvarf
Lára Kristín Pálsdóttir	Utanríkisráðuneytið
Maj-Britt Hjördís Briem	Samtök atvinnulífsins
Margrét Steinarsdóttir	Mannréttindastofnun Íslands

María Hjálmtýsdóttir	Félag kynjafræðikennara
Martha Lilja Olsen	Jafnréttisstofa
Snorri Jónsson	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti
Stella Samúelsdóttir	UN Women á Íslandi
Svandís Anna Sigurðardóttir	Stígamót
Þorbjörg Þorvaldsdóttir	Samtökin '78
Þróstur Freyr Gylfason	Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Að auki tók þátt í fundinum starfsfólk dómsmálaráðuneytisins:

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir
Hjalti Ómar Ágústsson
Kristrún Friðriksdóttir
Steinunn Valdís Óskarsdóttir

2. Setning fundar og kynning

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu setti fundinn með stuttu ávarpi og kynningu á dagskrá. Að því loknu fóru þau Hjalti Ómar Ágústsson í sameiningu yfir markmið fundarins og þeirrar vinnu sem fram undan væri.

Kynnt var mælaborð forvarnaáætlunar gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna fyrir árin 2021-2025 og stöðu aðgerða þeirrar áætlunar. Vinna samráðsvettvangsins verður nýtt til undirbúnings nýrrar forvarnaáætlunar.

4. Fyrri hluti umræðna: stafrænt kynferðislegt og kynbundið ofbeldi meðal barna og ungmenna

Á fyrri hluta fundarins voru neðan greindir punktar hafðir til hliðsjónar.

1. Hverjar eru áhrifaríkustu forvarnirnar gegn stafrænu kynferðisofbeldi?
 - 1.1. Umgjörð, ábyrgð og hlutverk skóla, foreldra og forsjáaaðila og annarra sem koma að málefnum barna og ungmenna.
 - 1.2. Verkfæri, fræðsla og stuðningsúrræði sem til eru eða vantar.
2. Hugmyndir að forvörnum til að koma í veg fyrir stafrænt kynferðisofbeldi?
 - 2.1. Samþykki, mörk og stafrænt læsi.
 - 2.2. Áföll og afleiðingar stafræns ofbeldis.
 - 2.3. Valdefling barna og ungmenna.
3. Hvernig komum við í veg fyrir að ungt fólk verði gerendur?
 - 3.1. Félagsfærni, samskipti og tilfinningastjórnun.
 - 3.2. Áhættuhegðun, áhrif stafræns umhverfis og félagslegra þátta.
4. Hvernig vinnum við með ungum gerendum til að koma í veg fyrir ítrekuð brot?
 - 4.1. Verklag skóla og stuðningskerfa.
 - 4.2. Snemmtæk íhlutun og samræmd viðbrögð.
 - 4.3. Leiðir til endurhæfingar og ábyrgðar.

Í fyrri hluta hópavinnunnar þar sem lögð var áhersla á stafrænt kynferðisofbeldi var umræða um fræðslu til hinna mörgu ólíku hópa sem málaflokkurinn snertir. Mikilvægi fræðslu um samþykki, mörk, stafrænt læsi, gagnrýna hugsun og afleiðingar stafræns ofbeldis var rætt sérstaklega. Samtímis þurfa foreldrar verkfæri og sjálfstraust til að ræða netnotkun, klám og samskipti við börn sín. Fræðsla til fagfólks, s.s. lögreglu, kennara, sálfræðinga, um stafrænt ofbeldi og viðbrögð er ekki síður mikilvæg. Huga þurfi að sérhæfðri fræðslu fyrir jaðarsetta hópa, s.s. börn með fötlun, erlendan bakgrunn, einhverfu eða hinsegin börn. Eitt borð kom með hugmynd að „umferðarskóla“ fyrir net- og samfélagsmiðlanotkun.

Öllum bar saman um að foreldrar væru lykilaðilar til þess að setja skýr mörk fyrir börnin sín um skjánotkun og samfélagsmiðla. Umræður voru um hvernig mætti ná til foreldra og má nefna hugmyndir um fræðslu inni á vinnustöðum og sértakt *foreldraþing*, þar sem hægt væri að miðla þekkingu til foreldra.

Lög og reglur um stafrænt efni og notkun gervigreindar voru einnig til umræðu og þar bar hæst mikilvægi þess að afleiðingar brota verði raunverulegar fyrir gerendur. Þá kom fram að ritstjórnarleg ábyrgð fjölmiðla og tæknirisa væri mikil og það væri nauðsyn að leita leiða til að takmarka aðgang að klámi, t.a.m. með notkun rafrænna skilríkja.

Einnig var velt upp öðrum möguleikum til að takmarka aðgengi að skaðlegu stafrænu efni, t.a.m. með nýtingu tæknilausna eins og *Proactive Kids*.

Hugmyndir um samstarf við tæknifyrirtæki og rafíþróttasamtök um öryggisúrræði voru einnig viðraðar, sem og að setja á fót tilkynningagáttir fyrir áreiti og misnotkun, í netheimum sem og raunheimum.

Herferðir og vitundarvakning þar sem jákvæðar fyrirmyndir, einkum karlkyns, tala um virðingu og samþykki eru til þess fallnar að ná til þess hóps sem er í mestri hættu á að brjóta af sér. Þar hafa verkefni eins og Sjúk ást, Sjúk flögg og Strákar spjalla saman reynst árangursrík. M.a. var því velt upp hvort hægt væri að greiða áhrifavöldum fyrir þátttöku í herferð af þessum toga, með heilnæmum skilaboðum sem miðað er að börnum og ungmennum.

Lögd var áhersla á mikilvægi uppbyggilegrar nálgunar og endurhæfingar í tilfellum þar sem börn brjóta af sér, og að forðast skuli skrímslavæðingu. Skólar þurfi að stíga upp og vinna með gerendum og tengja háttsemi þeirra við afleiðingar. Þó má ekki aðeins líta til refsinga heldur beina sjónum að úrræðum eins og samtalsmeðferð, samfélagsþjónustu og listþerapíu. Mikilvægt sé að kenna börnum samkennd, samskiptafærni og að setja og virða mörk. Tækifæri eru til þess að nýta leiki og lífsleikni sem hluta af forvörnum.

5. Seinni hluti umræðna: kynferðislegt og kynbundið ofbeldi meðal barna og ungmenna í víðu samhengi

Á seinni hluta fundarins voru neðan greindir punktar hafðir til hliðsjónar.

5. Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í víðu samhengi
 - 5.1. Heimilin, skólamenning, félagsmiðstöðvar, íþróttahreyfingar, stafrænir vettvangar.
6. Klám og klámvæðing
 - 6.1. Áhrif á viðhorf, mörk, samskipti og líkamsímynd.
7. Fræðsla um kynlíf
 - 7.1. Raunveruleiki vs. klám, ánægja og öryggi, samskiptafærni.
8. Samþykki og mörk
 - 8.1. Líkamsvitund, félagslegt næmi, menningarleg norm.
9. Umburðarlyndi, skilningur og fjölbreytileiki
 - 9.1. Minnihlutahópar, LGBTQ+, fötlun, menningarleg fjölbreytni.

Í seinni hluta hópavinnunnar fór fram almenn umræða um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi meðal barna og ungmenna í víðu samhengi. Þar bar einnig mikið á umræðum um fræðslu, einkum til barna og ungmenna. Kynfræðsla verði gerð að skyldu í skólakerfinu frá leikskóla upp í framhaldsskóla og innihaldi fræðslu um samþykki, mörk, samskipti og kynlíf í raunveruleikanum og klámi. Endurskoða þarf það fyrirkomulag að foreldrar geti kynfræðslu fyrir börn sín. Þá var rætt um mikilvægi Jafningjafræðslu en einnig fræðslu og stuðning til foreldra til að aðstoða þau við að ræða kynlíf og samþykki við börn sín.

Klám og klámvæðing var fyrirferðarmikið umræðuefni, þar sem það hefur áhrif á viðhorf, mörk og líkamsímynd og eykur hættu á skaðlegri og hættulegri háttsemi, t.d. kyrkingartökum. Því er nauðsynlegt að börn og ungmenni séu frædd um muninn á kynlífi og klámi og að aðgengi þeirra að klámi sé takmarkað.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna og skólinn á menntun þeirra. Mikilvægt er að skýr skil séu á milli þessara tveggja stöða í lífi barns.

Í samhengi við fjölbreytileika og inngildingu var mikið lagt upp úr sérhæfðri fræðslu fyrir hinsegin börn, börn með fötlun og börn af erlendum uppruna. Þá séu menningarmiðlarar mikilvægir til þess að miðla mismunandi normum um samþykki og mörk. Rætt var um að hugtakið virðingu í stað orðsins

„umburðarlyndi“ og það væri mikilvægt að vinna gegn fordómum og hatursorðræðu.

Íþróttahreyfingar og frístundastarf er vettvangur sem hægt er að nýta til þess að fræða og eiga samtöl við börn. Það var talið mikilvægt að gera kynjafræði og jafnréttisfræði að skyldufögum fyrir þjálfara.

